

# Hverfisráð Hríseyjar

## 152. fundur

Miðvikudaginn 6. apríl 2022 kl. 20:30 var haldinn 152. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Ólafur Búi Ólafsson og Friðrik Ingimarsson varamaður í forföllum Júlíu Mistar Almarsdóttur.

### Dagskrá:

- 1. Hreinsunardagur - innkomið bréf frá Hríseyjarskóla v. hreinsunardags**  
Hverfisráði barst bréf frá nemendum Hríseyjarskóla en skólinn tekur nú þátt í Erasmus+ verkefninu Island Schools sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni eyjaskóla í Hollandi, Grikklandi, Skotlandi, Spáni og Íslandi þar sem Hríseyjarskóli er fyrir hönd Íslands. Óskað er eftir að árlegur hreinsunardagur Hríseyinga verði haldinn á þeim tíma þegar Hollenskir gestir frá eyjunni Oost-Vlieland koma til Hríseyjar, 7.-10. maí. Í bréfinu segir m.a. „Það væri mjög skemmtilegt ef við gætum fengið þau með okkur í að hreinsa fjöruna og eyjuna okkar.“ Verkefnið snýst meðal annars um plastmengun í sjónum, sjálfbærni, byggðaþróun og ferðaþjónustu.

Hverfisráð fagnar þessu frumkvæði nemenda. Ákveðið að formaður ræði nánar við starfsfólk Hríseyjarskóla varðandi hentuga tímasetningu fyrir hreinsunardag.

- 2. Aðalfundur**

Ákveðið að aðalfundur hverfisráðs verði haldinn þriðjudaginn 24. maí kl. 16. Munum við bjóða nýkjörnum bæjarfulltrúum að mæta á fundinn.

- 3. Önnur mál**

- Svör hafa ekki borist frá skipulagssviði varðandi fyrirspurn um skipulag fyrir hafnar- og miðsvæði í Hrísey sem bókuð var á 138. og 140. fundi hverfisráðs (3. nóvember 2020 og 4. mars 2021) og ítrekuð á 147. fundi (5. október 2021) né heldur varðandi gatnagerðargjöld fyrir nýjar lóðir frá 145. fundi sem einnig var ítrekað á 147. fundi. Fulltrúar hverfisráðs funduðu með skipulagsstjóra í nóvember varðandi þessi mál en lítið gerst síðan. Óskar hverfisráð eftir svörum og kröftum bæjarráðs við að koma málunum á hreyfingu.
- Á 149. fundi hverfisráðs 5. janúar 2022 óskaði hverfisráð eftir vilyrði bæjarráðs og í kjölfarið fundi með skipulagssviði og umhverfis- og mannvirkjasviði varðandi tímabundna lokun Norðurveggar framan við Hríseyjarbúðina á komandi sumri. Fundargerðin var tekin fyrir á 3755. fundi bæjarráðs þann 20. janúar 2022 en ekkert var bókað um erindið og engin svör borist. Ítrekar hverfisráð erindið og óskar eftir svörum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:15

Friðrik Ingimarsson  
Ingólfur Sigfússon  
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon